



Menningar- íþróttá- og tómstundaráð

Reykjavík, 24. júní 2024

MIR24060010

Umsögn öldungaráðs um tillögu sviðstjóra menningar- og íþróttasviðs varðandi breytingu á gjaldskrá sundlauga í Reykjavík

Á fundi öldungaráðs þann 20. júní 2024, var lagt fram bréf menningar- og íþróttasviðs dags. 14. júní 2024, með umsagnarbeiðni um tillögu sviðstjóra menningar- og íþróttasviðs varðandi breytingu á gjaldskrá sundlauga í Reykjavík. Jafnframt var lögð fram og samþykkt meðfylgjandi umsögn öldungaráðs dags. 19. júní 2024. Fulltrúar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og Sjálfstæðisflokksins sátu hjá hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu vilja þakka fyrir samtal og tækifærið til veita umsögn vegna gjaldtöku eldri borgara í sundlaugum borgarinnar. Markmiðið með gjaldtökunni er þríþætt, í fyrsta lagi að fylgja eftir álitni innanríkisráðuneytisins og hætta mismuna fólki eftir búsetu, í öðru lagi að ná í tekjur af erlendu ferðafólki 67 ára og eldri og að lokum afla tekna sem verður meðal annars notað í að efla heilsueflingu eldra fólks í borginni. Sú gjaldtaka sem fyrirhuguð er á ári í gegnum árskort, 4000 þúsund krónur jafnast á við þrjár stakar ferðir í sund, er hófleg að mati ráðsins og verður árskortíð ódýrast í Reykjavík miðað við sambærileg árskort annarra sveitafélaga. Vilja fulltrúar samt leggja áherslu á að mikilvægt er að fylgjast með mætingu eldra fólks í sundlaugarnar einmitt til hafa svigrúm til að bregðast við ef breytingar verða á aðsókn þessa hóps. Eftir atvikum finna lausnir og koma með mótvægisáðgerðir fyrir þá þau sem ekki hafa efni á árskortinu.

Fulltrúar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar FEB, Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, í öldungaráði, mótmæla harðlega hugmyndum um að innheimta gjald af eldri borgurum í sundstöðum Reykjavíkurborgar. Sundiðkun er mikilvæg fyrir heilsu allra eldri borgara. Fyrir marga er hún að auki veigamikill þáttur í að rjúfa félagslega einangrun. Jafnframt er ef til vill ástæða til að minna borgaryfirvöld á að fjárhagur verulegs hóps eldri borgara er því miður þannig að þá munar um hverja krónu og sund er kannski eina líkamsræktin sem þeim bæði hentar og hafa haft efni á. Einnig er rík ástæða til að minna borgaryfirvöld á að eldri borgarar hafa þegar greitt fyrir uppbyggingu og rekstur umræddra sundstaða með útsvari sínu, fasteignagjöldum og fleiri álögum sem Reykjavíkurborg kys að leggja á íbúa sína. Þetta er brýnt lýðheilsumál.



Reykjavík



Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Æskilegt væri ef hægt væri að tryggja endurgjaldslausan aðgang 67 ára og eldri að sundstöðum borgarinnar. Fulltrúinn styður því þau sjónarmið sem fram koma í bókun fulltrúa Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Á hinn bóginn telur hann einnig að framkomin tillaga menningar- íþróttar og tómstundaráðs sé reist á skynsamlegum forsendum. Mikilvægt er að sú tillaga sé útfærð þannig að komið sé sem mest til móts við hagsmuni þeirra sem lakast standa í samfélaginu og eru 67 ára og eldri.

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt:

Umsögn öldungaráðs dags. 19. júní 2024

Bréf menningar- og íþróttasviðs dags. 14. júní 2024



Reykjavík, 19. júní 2024

MIR24060010

Viðtakandi: Menningar- íþróttá og tómstundaráð

Sendandi: Öldungaráð

UMSÖGN

Tillaga um breytingu á gjaldskrá sundstaða

Öldungaráði hefur borist umsagnabeiðni vegna tillögu sviðstjóra menningar- og íþróttasviðs um gjaldskrárbreytingu í sund fyrir eldra fólk en hingað til hefur þessi hópur notið gjaldfrjáls aðgengis að sundlaugum borgarinnar.

Álit innviðaráðuneytisins í máli nr. IRN22010877 útlistar að sveitafélög mega ekki mismuna gestum eftir búsetu og því ekki hægt að veita eldri Reykvíkum frían aðgang að sundlaugum borgarinnar eins og verið hefur um langt skeið. Sú gjaldtaka sem nemur þremur stökum gjöldum eða 4.000 krónur, er mjög mikið niðurgreidd af útsvarsgreiðendum í Reykjavík. og finnst ráðinu hún vera hófleg.

Samhliða vill öldungaráð vekja athygli á að upphæðin á árskortinu fyrir þennan aldurshóp, er lægst í Reykjavík, miðað við önnur sveitarfélög sem bjóða upp á árskort. Ráðið telur mjög brýnt að mótvægisáðgerðir sem tillagan inniheldur, um að þær tekjur sem koma inn af stökum gjöldum, verði notaðar í þágu heilsueflingar eldra fólks og sú vinna verði unnin í samtali við ráðið. Á sama tíma verði aðsókn hópsins kortlögð þannig að hægt verði að bregðast með sérstökum áðgerðum ef hún breytist og eftir atvikum finna lausnir og koma með mótvægisáðgerðir fyrir þau sem ekki hafa efni á árskortinu.

Öldungaráð vill að skoðað verði í þessu samhengi að bjóða upp á frístundakort fyrir eldra fólk, sama fyrirkomulag og er nú fyrir börn og ungmenni.

Öldungaráði finnst mikilvægt að halda til haga að borgin styrkir nú þegar bæði sundleikfimi í sundlaugum og styrktarþjálfun sem íþróttafélögin halda úti víðsvegar íþróttahúsum borgarinnar fyrir um 34 m.kr á á ári skv. tölum frá árinu 2022.



Reykjavík



Öldungaráð

Reykjavík, 14. júní 2024
MIR24060010

Breyting á gjaldskráfundstaða

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs 14. júní 2024 var lögð fram hjálögð tillaga sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs varðandi breytingu á gjaldskrá sundlauga Reykjavíkurborgar.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð samþykkti að óska eftir umsögn öldungaráðs um tillöguna. Óskað er eftir að umsögnin berist innan 10 daga.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.

Hjálagt:
Tillaga sviðsstjóra dags. 12. júní 2024
Kynning vegna þjónustu sundlauga í Reykjavík

Viðtakandi: Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttsviðs

Reykjavík, 12. júní 2024
MIR24060010

TILLAGA

Breyting á gjaldskrá

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð leggur til við borgarráð að gjaldskrá sundlauga Reykjavíkurborgar verði breytt með það að meginmarkmiði að sækja tekjur af eldri ferðamönnum sem hingað til hafa notið gjaldfrjáls aðgengis að sundlaugum borgarinnar.

Tekið verði upp sérstakt árskort fyrir eldri borgara á verði sem jafngildi þremur stökum ferðum fullorðinna í sund eða kr. 4.000.- samkvæmt núverandi gjaldskrá. Gestir sem orðnir eru 67 ára og eldri greiði stakt gjald fullorðinna og gjaldflokkurinn eldri borgarar verði tekinn úr gjaldskránni. Öryrkjar fái áfram frían aðgang að sundlaugum borgarinnar gegn framvísun öryrkjakorts.

Breytingin taki gildi frá 1. ágúst 2024.

Greinargerð;

Sund er mikilvæg heilsubót fyrir fólk á öllum aldri og mikill fjöldi gesta sækir átta sundlaugar Reykjavíkur á hverju ári. Mikill fjöldi eldra fólks sækir sundlaugar borgarinnar og nýtur þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Mjög margir eldri borgarar eru fastagestir og sækja sundlaugarnar á hverjum degi stóran hluta ársins. Mikill fjöldi erlendra ferðamanna 67 ára og eldri sækir sundlaugar Reykjavíkur á hverju ári eða um 14.000 gestir. Reykjavíkurborg verður af verulegum tekjum vegna þessara gesta sem áætlað er að geta numið um kr. 18.500.000 á ári.

Eldri borgarar hafa fengið frían aðgang að sundlaugum borgarinnar svo lengi sem elstu menn muna og er mikilvægt að tryggja þessum hópi íbúa áfram gott aðgengi að laugunum. Meginmarkmið með þessari tillögu um að breyta gjaldskránni er að tryggja að eldri ferðamenn greiði fyrir aðgang að þessari mikilvægu þjónustu.

Samkvæmt álitni innviðaráðneytisins í máli nr. IRN22010877

(<https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/?newsid=f181fa9b-14f6-11ee-9bbb-005056bc4727&cname=%c3%81lit%c2%a0%c3%a1+svi%c3%b0i+sveitarstj%c3%b3rnarm%c3%a1a>)

Þá mega sveitarfélög ekki mismuna gestum eftir búsetu og því ekki hægt að veita einungis eldri Reykvíkingum frían aðgang að sundlaugum borgarinnar.


Reykjavíkurborg hefur aftur á móti leyfi til að bjóða upp á með gjaldskrá mismunandi gjaldflokka og veita afsláttarkjör m.a. með útgáfu korta eins og árskorta.

Reykjavíkurborg greiðir nú þegar niður sundferðir allra gesta með núverandi gjaldskrá og samkvæmt henni greiðir Reykjavíkurborg að meðaltali kr. 1.200.- með hverjum gesti sem sækir sundlaugarnar eða um 50% af stöku gjaldi. Án innri leigu greiðir Reykjavíkurborg kr. 539 með hverjum gesti. Það er þó mismunandi eftir sundlaugum en þetta er reiknað meðaltal allra sundlauga borgarinnar.

Eldri borgarar hafa verið með frían aðgang að sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu en eins og meðfylgjandi tafla frá 2024 ber með sér eru mörg dæmi þess í sveitarfélögum víða um land að þessi aldurshópur greiði fyrir aðgang í sund.

67 ára og eldri	Stakt gjald	10 miðar	30 miðar	Árskort	
Húsavík	720	3.850		24.850	
Akureyri	330			6.900	
Dalvík	450				
Fjallabyggð	500	3.000	5.100	5.900	
Árborg	450	2.500	6.000	8.000	
Múlaþing	400				Frítt ef með lögheimili
Ísafjarðarbær	1.330			4.450	
Skagafjörður	367				Frítt ef með lögheimili
Borgarbyggð	390	2.640		7.490	
Suðurnesjabær	490				Frítt ef með lögheimili
Reykjanesbær	220		4.150	15.000	
Vestmannaeyjar	1.050		10.950	21.400	Frítt ef með lögheimili
Akranes	510		5.250	15.760	
Kópavogur	Frítt				
Hafnarfjörður	Frítt				
Garðabær	Frítt				
Seltjarnarnes	Frítt				
Ölfus	Frítt				
Hveragerði	Frítt				
Reykjavík	Frítt				

Vakin er athygli á því að mörg sveitarfélög eru með sérstakt gjald á eldri borgara og nokkur með sérstakt gjald fyrir eldri borgara viðkomandi sveitarfélags þrátt fyrir álit innviðaráðuneytisins í máli nr. IRN22010877. Þessi samanburður leiðir í ljós að þessi tillaga um árgjald að fjárhæð 4.000.- fyrir eldri borgara í sundlaugum Reykjavíkur stenst vel samanburð við það sem best gerist í umræddum sveitarfélögum.




Með þessari tillögu reiknar menningar-, íþróttá- og tómstundaráð með að auka tekjur Reykjavíkurborgar um kr. 30.000.000. Samhliða þessari tillögu vinnur ráðið að því við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 að nýta hluta þessara tekna til að auka stuðning við heilsueflingu eldra fólks í íþróttafélögum borgarinnar, sem greiðist til Íþróttabandalags Reykjavíkur samkvæmt samningi og þannig til íþróttafélaga sem sinna heilsueflingu eldri borgara.


Þess má geta að menningar-, íþróttá- og tómstundaráð hefur með samþykkt borgarráðs skipað sérstakan stýrihóp til að fara yfir gjaldskrár stofnana menningar- og íþróttasviðs m.a. með það að markmiði að einfalda gjaldskrár og rýna möguleika á að auka tekjur borgarinnar. Hópurinn er nú að störfum og stefnir að því að skila af sér tillögum haustið 2024.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð telur þessa tillögu best til þess fallna að tryggja eldri Reykvíkum ódýran aðgang að sundlaugum borgarinnar en jafnframt að erlendir ferðamenn greiði fyrir þessa mikilvægu þjónustu rétt eins og víða þekkist erlendis.

Virðingarfyllt,



Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.



Kynning vegna þjónustu sundlauga í Reykjavík


Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Föstudaginn 14. júní 2024



Gjaldtaka á ferðamenn 67 ára og eldri


- Lögð er til breyting á gjaldskrá sundlauga Reykjavíkurborgar með það að meginmarkmiði að sækja tekjur af eldri ferðamönnum sem hingað til hafa notið gjaldfrjáls aðgengis að sundlaugum borgarinnar.





Ódýrt árskort fyrir eldri borgara


- Gestir sem orðnir eru 67 ára og eldri greiði stakt gjald fullorðinna og gjaldflokkurinn eldri borgarar verði tekinn úr gjaldskránni.
- Tekið verði upp sérstakt árskort fyrir eldri borgara sem jafngildi þremur stökum ferðum fullorðinna í sund.
- Öryrkjar fá áfram frían aðgang að sundlaugum borgarinnar gegn framvísun öryrkjakorts.
- Breytingin taki gildi frá (1. ágúst 2024).






Ekki má mismuna eftir búsetu


- Meginmarkmið tillögunnar er með vísan í erlend fordæmi að eldri ferðamenn greiði fyrir aðgang að þessari vinsælu og mikilvægu þjónustu.
- Samkvæmt álitni innviðaráðneytisins í máli nr. IRN22010877 - þá mega sveitarfélög ekki mismuna gestum eftir búsetu og því ekki hægt að veita einungis eldri Reykvíkingum frían aðgang að sundlaugum borgarinnar.
- Reykjavíkurborg hefur aftur á móti leyfi til að bjóða upp á með gjaldskrá mismunandi gjaldflokka og veita afsláttarkjör m.a. með útgáfu korta eins og árskorta.





Sundferðir eru niðurgreiddar


- Reykjavíkurborg greiðir í dag niður sundferðir allra gesta með núverandi gjaldskrá. Samkvæmt henni greiðir Reykjavíkurborg að meðaltali kr. 1.200.- með hverjum gesti sem sækir sundlaugarnar.
- Án innri leigu greiðir Reykjavíkurborg kr. 539.- með hverjum gesti.
- Mismunandi eftir sundlaugum en þetta er reiknað meðaltal allra sundlauga borgarinnar.






Gjaldskrá sveitarfélaga í Sundlaugar á Íslandi

• 67 ára og eldri	Stakt gjald	10 miðar	30 miðar	Árskort	
• Húsavík	720	3.850		24.850	
• Akureyri	330			6.900	
• Dalvík	450				
• Fjallabyggð		500	3.000	5.100	5.900
• Árborg	450	2.500	6.000	8.000	
• Múlabing	400				Fritt ef með lögheimili
• Ísafjarðarbær	1.330			4.450	
• Skagafjörður	367				Fritt ef með lögheimili
• Borgarbyggð	390	2.640		7.490	
• Suðurnesjabær	490				Fritt ef með lögheimili
• Reykjanesbær	220		4.150	15.000	
• Vestmannaeyjar	1.050		10.950	21.400	Fritt ef með lögheimili
• Akranes	510		5.250	15.760	
• Kópavogur	Fritt				
• Hafnarfjörður	Fritt				
• Garðabær	Fritt				
• Seltjarnarnes	Fritt				
• Ölfus	Fritt				
• Hveragerði	Fritt				
• Reykjavík	Fritt				



Stuðningur við íþróttastarf eldra fólks


- Samhliða þessari tillögu vinnur ráðið að því við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 að nýta hluta þeirra nýju tekna sem koma inn til að auka stuðning við heilsuefningu og íþróttastarf eldra fólks á vegum íþróttafélaga borgarinnar.






Samantekt


- Aldraðir greiði sama staka gjald og fullorðnir í sund eða kr. 1.330 (núverandi gjaldskrá)
- Áætlaðar tekjur 10 milljónir





Samantekt


- Árskort aldraðra kosti 4.000.- sem miðast við 3 skipti í sund.
- Um 6 þúsund árskort aldraðra eru í umferð í dag.
- Áætla má að 85% af þeim muni halda áfram að kaupa sér árskort þegar að gjaldið verður 4.000.- kr
- Áætlaðar tekjur vegna þess er um 20 mkr.





Samantekt


- Mótvægisáðgerð:
- Hækkun á samningi við ÍBR til að auka stuðning við heilsuefingu og íþróttastarf aldraðra í Reykjavíkurborg.






Ódýr aðgangur að sundlaugum Reykjavíku

- Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð telur þessa tillögu best til þess fallna að að tryggja að erlendir ferðamenn greiði eðlilegt gjald fyrir þessa mikilvægu og vinsælu heilsubót. Jafnframt er lögð áhersla á að koma til móts við eldri Reykvíkingsa um ódýran aðgang að sundlaugum borgarinnar.





Reykjavík